

EVROPSK SAMGÖNGUVIKA

Veljum grænu leiðina

16.-22. september 2020



HJÓLA- OG GÖNGULEIÐIR Í GARÐABÆ

- Á kortavef Garðabæjar sem er aðgengilegur á gardabaer.is er m.a. hægt að sjá göngustíga og útivistarstíga í bæjarlandinu.
- Í Wapp-leiðsagnarappinu má finna fjölmargar skemmtilegar göngu- og hjólaleiðir í Garðabæ.
- Í Lundahverfi (norðan við leikskólann Lundaból) er nýleg hjólabraut sem hentar vel fyrir byrjendur sem og lengri komna. Tilvalið fyrir fjölskylduna að prófa brautina saman.
- Við Garðatorg, Ásgarðslaug og Álftaneslaug má finna viðgerðarstanda fyrir reiðhjól.

BÍLLAUSI DAGURINN

Bíllausi dagurinn er haldinn sunnudaginn 20. september. Notum aðra ferðamáta en einkabílinn.

ÍBÚAFUNDUR UM UMFERÐARÖRYGGISMÁL Í GARÐABÆ

Þriðjudaginn 22. september kl. 17:00 verður kynningar-fjarfundur um umferðaröryggismál í Garðabæ.

Fundurinn verður í beinni útsendingu á fésbókarsíðu Garðabæjar.

- Markmiðið með fundinum er að gefa íbúum innsýn í vinnu við gerð nýrrar umferðaröryggis-áætlunar Garðabæjar. Íbúar fá tækifæri til að senda inn spurningar og ábendingar á meðan á fundinum stendur.
- Umferðaröryggi snýst að miklu leyti um hegðun íbúa í umferðinni en einnig um gatnakerfi, hraðatakmarkandi aðgerðir og ferðavenjur.
- Kynntur verður ábendingavefur sem verður opinn fram í miðjan október þar sem hægt verður að senda inn ábendingar um varasama staði og hindranir í gatnakerfi, göngu- og hjólastigum. Virk þátttaka íbúa skiptir máli og ábendingar íbúa eru mikilvægur grundvöllur fyrir bætt umferðaröryggi.

Verið velkomin að fylgjast með fjarfundinum og taka þátt.

Sjá nánari upplýsingar um fundinn og samgönguviku á vef Garðabæjar, gardabaer.is

Samgönguvika er evrópskt átak um bættar samgöngur í borgum og bæjum. Garðabær tekur þátt í samgönguvikunni ásamt sveitarfélögum víðs vegar um allt land.

#samgönguvika
#mobilityweek
#heilsueflandiGarðabær